

## Fjármunaeign 1997–2003

### Capital stock data 1997–2003


**Samantekt** Hagstofan birtir nú endurskoðaðar tölur um fjármunaeign þjóðarbúsins og afskrift fjármunaeignar fyrir tímabilið 1997–2003. Fjármunaeign þjóðarbúsins reyndist nema 2.640 milljörðum króna árið 2003 og óx að raungildi um 2,6% frá fyrra ári. Frá árinu 1997 hefur fjármunaeignin vaxið að raungildi um 22,5% eða til jafnaðar um 3,4% á ári. Fjármunaeignin óx öll árin sem þýðir að fjármunamyndun ár hvert hefur reynst meiri en afskriftir af eigninni. Afskrift fjármunaeignarinnar var áætluð 102 milljarðar á árinu 2003.

Sé miðað við þrískiptingu fjármunaeignar milli íbúðarhúsnæðis, atvinnuvega og starfsemi hins opinbera vó íbúðarhúsnæði þyngst og nam 42,5% af heildar-fjármunum árið 2003. Þetta hlutfall hefur hækkað úr tæplega 39% frá árinu 1997 og á það meðal annars rætur að rekja til hækkandi húsnæðisverðs. Fjármunaeign atvinnuveganna var 37,8% af heildinni og fjármunaeign hins opinbera 19,7% árið 2003.

Verg landsframleiðsla sem hlutfall af fjármunaeigninni var 30,5% árið 2003. Þetta hlutfall, VLF/fjármunaeign, hefur sveiflast á bilinu 30%-34% á tímabilinu og farið heldur lækkandi, eins og fram kemur á mynd 1.

### Mynd 1. Fjármunaeign og VLF/fjármunaeign 1997–2003, verðlag hvers árs

Figure 1. Capital stock and GDP/capital stock 1997–2003, current prices




### Nýjar heimildir, staðlað skattframtal

Þessar nýju tölur um fjármunaeign sem nú birtast, eru byggðar á breytingum sem gerðar voru á útreikningi fjármunamyndunar frá og með árinu 1997 og birtust fyrst í mars 2002. Þessar breytingar má rekja til nýrrar heimildar um fjármunamyndun, staðlaðs skattframtals rekstraraðila. Staðlaða skattframtalið gefur færi á mun meiri sundurgreiningu á fjármunamyndun atvinnuveganna, og þar með á fjármunaeign, en áður þekktist. Áður var byggt á ýmsum heimildum við mat á fjármunamyndun atvinnuveganna. Má þar nefna skýrslur um innfluttar fjárfestingarvörur, skýrslur byggingarfulltrúa um nýbyggingar og beinar upplýsingar frá framleiðendum fjárfestingarvara eða framkvæmdaaðilum. Íðulega varð fjármunamyndun samkvæmt þessum heimildum ekki rakin til þeirrar atvinnugreinar sem notaði fjármunina. Má þar til dæmis nefna flutningatæki og ýmsar aðrar vélar og tæki, skrifstofubúnað o.fl. Afleiðingin varð sú að í tölum um fjármunamyndun og fjármunaeign voru nokkrir safnliðir óskiptir eftir atvinnugreinum. Við tilkomu staðlaða skattframtalsins breyttist þetta og ný heildstæð heimild á tölvutæku formi leysti fyrri heimildir af hólmi. Árangur þessa sér nú stað í ítarlegri og traustari tölum um fjármunamyndun og fjármunaeign.

### Mynd 2. Fjármunaeign 1997–2003, magnvísitölur, 1997=100

Figure 2. Capital stock 1997–2003, volume indices, 1997=100



### Skilgreining fjármunaeignar og fjármunamyndunar

Með fjármunaeign er hér átt við uppsafnað en afskrifað verðmæti þeirra fjármuna sem orðið hafa til við fjármunamyndun innan framleiðslustarfseminnar á þjóðarþúinu. Þá er fylgt skilgreiningum þjóðhagsreikninga á því hvað telst fjármunamyndun.

Fjármunamyndun nær til útgjalda atvinnuveganna og hins opinbera til kaupa eða framleiðslu á framleiðslufjármunum. Framleiðsla til eigin nota telst einnig fjármunamyndun. Sala á notuðum fjármunum dregst frá fjármunamyndun í þeirri atvinnugrein sem selur fjármunina en kemur fram sem fjármunamyndun í þeirri atvinnugrein sem kaupir. Bygging íbúðarhúsnaðis telst til fjármunamyndunar en hins vegar teljast bifreiðakaup einstaklinga ekki sem fjármunamyndun. Sama gildir um önnur vörukaup einstaklinga utan atvinnurekstrar hversu varanleg sem þau kunna að vera í augum einstaklinga. Þau eru öll færð sem einkaneysla. Fjármunamyndun er verðlögð á markaðsverði eða með öðrum orðum á verði til kaupanda. Virðisaukaskattur er ekki meðtalinn í fjármunamyndun nema að því

marki sem hann fæst ekki endurgreiddur en það heyrir til undantekninga. Í grófum dráttum má skilgreina fjármunamyndun sem:

- (i) Öflun varanlegra fjármuna sem endast í eitt ár eða lengur, þar á meðal kostnað vegna eigendaskipta (þyngst vega ýmis mannvirki, vélar & tæki og íbúðarhúsnæði). Þetta á þó ekki við um land eða námur eða önnur þau verðmæti sem ekki hafa verið framleidd. Óáþreifanlegir fjármunir líkt og virkjanarannsóknir og hugbúnaðarframleiðsla flokkast sem fjármunamyndun.
- (ii) Meiri háttar endurbætur og viðhald sem eru þess eðlis að þær lengja æviskeið fjármuna eða auka afköst þeirra.
- (iii) Jarðabætur og breyting á þeim bústofni sem ætlaður er til undaneldis, mjólkurframleiðslu ofl.
- (iv) Þóknun vegna viðskipta með land, eða önnur þau verðmæti sem ekki hafa verið framleidd og teljast að öðru leyti ekki til fjármunamyndunar.

Samhenginu milli fjármunamyndunar og fjármuna eignar má lýsa þannig:

$$\begin{aligned} & \text{Fjármuna eign í byrjun árs} \\ & + \text{Verg fjármunamyndun á árinu} \\ & - \text{Afskrift á árinu} \\ & = \text{Fjármuna eign í lok árs} \end{aligned}$$

Eða á jöfnuformi:

$$K_t = K_{t-1} * (1-d) + I_t$$

þar sem

$$\begin{aligned} K_t & \text{ er fjármuna eignin á tímabili } t \\ K_{t-1} & \text{ er fjármuna eignin á tímabili } t-1 \\ d & \text{ er afskriftaprósenta} \\ I_t & \text{ er fjármunamyndun á tímabili } t. \end{aligned}$$

Þessi lýsing að ofan á við um fast verðlag, en við útreikning á verðlagi hvers árs þarf að auki að færa fjármuna eignina upp til verðlags á hverjum tíma. Fjármuna eign eins og hún er hér skilgreind er þrengra hugtak en svokallaður þjóðarauður, en hann nær einnig til peningalegra eigna og jafnvel fjármuna, sem ekki hafa verið framleiddir, eins og auðlinda.

#### Mat á fjármuna eign

Í byrjun var fjármuna eignin í lok árs 1997 metin og var þá í hverju tilviki byggð á þeim heimildum sem taldar voru traustastar. Nokkur hliðsjón var höfð af fyrri niðurstöðum og í sumum tilvikum var þeim ekki breytt eins og í starfsemi hins opinbera en þar liggja yfirleitt ekki fyrir betri heimildir en áður voru tiltækar. Að öðru leyti var að jafnaði byggð á efnahagsreikningi í ársreikningum fyrirtækja og sundurliðun fjármuna eignar í mannvirki og vélar og tæki. Skiptingin á atvinnugreinar miðast við ÍSAT atvinnugreinaflokkunina á tvo tölustafi.

Fjármuna eignin fyrir árin 1998-2003 var síðan byggð á tölum ársins 1997 að viðbættri fjármunamyndun hvers árs en að frádreginni afskrift eins og lýst er að framan. Tölur hvers árs voru færðar til verðlags hvers árs á grundvelli þeirra verðbreytinga sem við átti í hverju tilviki. Samkvæmt þessu má því segja að fjármuna eignin á árinu 1997 sé sem næst því að vera á bókfærðu verði þess árs en síðari ár hafi eignin verð færð til verðlags á hverjum tíma eftir almennum verðbreytingum. Tvær veigamiklar undantekningar eru frá þessari almennu reglu. Þar er um að ræða verðmæti fiskiskipaflotans og verðmæti íbúðarhúsnæðis. Ákveðið var að nota vátryggingarverðmæti fiskiskipaflotans á hverju ári en ekki bókfært verð úr ársreikningum 1997 og framreikning þess. Fyrir íbúðarhúsnæði var notað fasteignamat þess á hverjum tíma. Leiða má líkur að því að þessar aðferðir

gætu að nokkru vanmetið fjármunaæign atvinnuveganna í samanburði við íbúðarhúsnæðið þar sem ætla má að bókfært verðmæti fjármuna í atvinnuvegunum sé lægra en markaðsverð en fasteignamat íbúðarhúsnæðis ætti að endurspeglar markaðsverðmæti þess.

**Tafla 1. Fjármunaæign 1997–2003, milljarðar kr., verðl. hvers árs og fast verð**  
*Table 1. Capital stock 1997–2003, billions of kroner, current and constant prices*

|                                                                | 1997        | 1998         | 1999         | 2000         | 2001         | 2002         | 2003         |
|----------------------------------------------------------------|-------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| <b>Verðlag hvers árs</b> <i>Current prices</i>                 |             |              |              |              |              |              |              |
| Atvinnuvegir <i>Business sector</i>                            | 623         | 688          | 740          | 803          | 918          | 965          | 997          |
| Íbúðarhús <i>Dwellings</i>                                     | 601         | 641          | 747          | 851          | 937          | 999          | 1123         |
| Hið opinbera <i>Government services</i>                        | 328         | 352          | 374          | 402          | 447          | 490          | 520          |
| <b>Alls</b> <i>Total</i>                                       | <b>1552</b> | <b>1682</b>  | <b>1861</b>  | <b>2055</b>  | <b>2301</b>  | <b>2453</b>  | <b>2640</b>  |
| <b>Hlutfallsleg skipting</b> <i>Breakdown %</i>                |             |              |              |              |              |              |              |
| Atvinnuvegir <i>Business sector</i>                            | 40,2        | 40,9         | 39,8         | 39,1         | 39,9         | 39,3         | 37,8         |
| Íbúðarhús <i>Dwellings</i>                                     | 38,7        | 38,1         | 40,1         | 41,4         | 40,7         | 40,7         | 42,5         |
| Hið opinbera <i>Government services</i>                        | 21,1        | 21,0         | 20,1         | 19,6         | 19,4         | 20,0         | 19,7         |
| <b>Fast verðlag ársins 1990</b><br><i>Constant 1990 prices</i> |             |              |              |              |              |              |              |
| Atvinnuvegir <i>Business sector</i>                            | 485         | 526          | 563          | 600          | 616          | 629          | 653          |
| Íbúðarhús <i>Dwellings</i>                                     | 490         | 495          | 501          | 503          | 526          | 532          | 536          |
| Hið opinbera <i>Government services</i>                        | 252         | 262          | 272          | 285          | 296          | 304          | 314          |
| <b>Alls</b> <i>Total</i>                                       | <b>1227</b> | <b>1283</b>  | <b>1336</b>  | <b>1388</b>  | <b>1438</b>  | <b>1465</b>  | <b>1503</b>  |
| <b>Magnvísitölur</b> <i>Volume indices</i>                     |             |              |              |              |              |              |              |
| Atvinnuvegir <i>Business sector</i>                            | 100         | 108,4        | 116,0        | 123,6        | 127,0        | 129,7        | 134,5        |
| Íbúðarhús <i>Dwellings</i>                                     | 100         | 100,9        | 102,2        | 102,7        | 107,2        | 108,5        | 109,3        |
| Hið opinbera <i>Government services</i>                        | 100         | 104,1        | 108,2        | 113,2        | 117,7        | 120,9        | 124,9        |
| <b>Alls</b> <i>Total</i>                                       | <b>100</b>  | <b>104,5</b> | <b>108,9</b> | <b>113,1</b> | <b>117,2</b> | <b>119,4</b> | <b>122,5</b> |

#### Afskriftaraðferðir

Sömu afskriftaraðferðum er fylgt og áður, það er veldisafskrift (geometric depreciation). Hún felst í því að afskriftarhlutföllum er beitt á afskrifað verðmæti hverju sinni. Afskriftin er því hröðust fyrstu árin en síðan hægir á henni en formlega lýkur afskriftatímanum aldrei. Hjá öðrum þjóðum er algengara að miða við línulega afskrift í þjóðhagsreikningum en báðar aðferðir eru leyfilegar. Þegar línulegri afskrift er beitt er æviskeið fjármunar oftast miðað við það hvenær verðmæti hans er komið niður í 10% af upprunalegu verðmæti. Við endurskoðunina nú hafa afskriftarhlutföll verið endurskoðuð og er þá meðal annars tekið mið af því sem tíðkast hjá ýmsum öðrum þjóðum.

Til að meta afskriftarhlutföll og þar með líftíma fjármuna í einstökum atvinnugreinum var sérstaklega tekið mið af þeirri endurskoðun sem norska hagstofan gerði á tölum sínum um fjármunaæign og lauk árið 1997. Eldri afskriftarhlutföllum var hnikað til við endurskoðunina nú og hafði það nokkur áhrif á niðurstöður, mismunandi mikil þó eftir einstökum atvinnugreinum. Breytingarnar nú felast einkum í því að afskriftir véla og tækja hafa í mörgum tilvikum verið hækkaðar, áður var oft afskrifað um 10% en nú um 12,5%. Önnur veigamikil breyting sem nú var gerð, er sú að afskriftir á iðnaðar- og framleiðsluhúsnæði hafa í mörgum tilvikum verið lækkaðar úr 5% í 4%. Afskrift á skrifstofuhúsnæði er þó raunar 2,5% nú eins og áður var í flestum tilvikum. Afskriftir fiskiskipa og flugvéla

breytast ekki frá fyrri framsetningu og eru 6% og 10%. Í töflu 2 eru ný afskriftarhlutföll sýnd og eldri einnig til samanburðar:

**Tafla 2. Afskriftarhlutföll, % af fjármunaeign, veldisafskrift**

*Table 2. Rate of depreciation, geometric depreciation*

|                                                                                                     | Nýtt<br>hlutfall<br><i>New</i> | Eldra<br>hlutfall<br><i>Previous</i> |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------|--------------------------------------|
| <b>Tegund</b> <i>Kind of activity and type</i>                                                      |                                |                                      |
| Iðnaðarvélur og tæki <i>Machinery equipment</i>                                                     | 12,5                           | 10,0                                 |
| Iðnaðar- og framleiðsluhúsnæði <i>Industrial buildings</i>                                          | 4,0                            | 5,0                                  |
| Skrifstofuhúsnæði, skólar, sjúkrahús ofl. <i>Office buildings, dwellings, hotels, hospitals etc</i> | 2,5                            | 2,5                                  |
| Fiskiskip <i>Fishing vessels</i>                                                                    | 6,0                            | 6,0                                  |
| Vegir, brýr, götur og holræsi <i>Roads, streets and bridges</i>                                     | 3,0                            | 3,0                                  |
| Virkjanamannvirki <i>Electricity, water supply</i>                                                  | 5,0                            | 5,0                                  |
| Flugvélar <i>Aircrafts</i>                                                                          | 10,0                           | 10,0                                 |
| Tölvur, hugbúnaður og skrifstofuvélur <i>Computers, software, office mach.</i>                      | 20,0                           | 20,0                                 |
| Áhöld, húsgögn og ýmis tæki <i>Other office equipment</i>                                           | 15,0                           | 15,0                                 |
| Hafnir <i>Harbours</i>                                                                              | 5,0                            | 5,0                                  |
| Flugvöllir <i>Airports</i>                                                                          | 3,0                            | 3,0                                  |

Líftími fjármuna m.v.  
10% hrakvirði

Út frá ofangreindum afskriftarhlutföllum og veldisafskrift er líftími fjármuna reiknaður. Er þá miðað við þann árafjölda sem það tekur að afskrifa fjármunina niður í hrakvirði sem hér er miðað við að sé 10% af upprunalegu verði. Þá fæst að líftími skrifstofu- og íbúðarhúsnæðis er 80 ár m.v. 2,5% veldisafskrift. Líftími iðnaðarhúsnæðis er hins vegar 50 ár samkvæmt þessum aðferðum og líftími fiskiskipa 35 ár.

**Tafla 3. Meðallíftími einstakra fjármuna í árum**

*Table 3. Service life by type of assets, number of years*

|                                                                                                     | Ár <i>Years</i> |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------|
| <b>Tegund</b> <i>Kind of activity and type</i>                                                      |                 |
| Iðnaðarvélur og tæki <i>Machinery equipment</i>                                                     | 15              |
| Iðnaðar- og framleiðsluhúsnæði <i>Industrial buildings</i>                                          | 50              |
| Skrifstofuhúsnæði, skólar, sjúkrahús ofl. <i>Office buildings, dwellings, hotels, hospitals etc</i> | 80              |
| Fiskiskip <i>Fishing vessels</i>                                                                    | 35              |
| Vegir, brýr, götur og holræsi <i>Roads, streets and bridges</i>                                     | 70              |
| Virkjanamannvirki <i>Electricity, water supply</i>                                                  | 40              |
| Flugvélar <i>Aircrafts</i>                                                                          | 20              |
| Tölvur, hugbúnaður og skrifstofuvélur <i>Computers, software, office mach.</i>                      | 10              |
| Áhöld, húsgögn og ýmis tæki <i>Other office equipment</i>                                           | 13              |
| Hafnir <i>Harbours</i>                                                                              | 40              |
| Flugvöllir <i>Airports</i>                                                                          | 70              |

Tölulegar niðurstöður

Niðurstöður þeirra útreikninga sem hér hefur verið lýst sýna að á árinu 1997 reyndist fjármunaeignin vera röskir 1.550 milljarðar króna eða þreföld landsframleiðsla þess árs. Árið 2003 var fjármunaeignin komin í 2.640 milljarða króna sem er tæplega 3,3 föld landsframleiðsla ársins. Þá breytingu má meðal annars rekja til hækkunar á íbúðaverði og fjármunamyndunar sem enn er ekki að fullu komin í rekstur. Að raungildi óx fjármunaeignin um 22,5% á þessu tímabili.

**Tafla 4. Fjármunaeign eftir atvinnugreinum 1997–2003, verðlag hvers árs, milljarðar króna**

*Table 4. Capital stock by industries 1997-2003, current prices, billions of kroner*

|                                                                                                                    | 1997        | 1998        | 1999        | 2000        | 2001        | 2002        | 2003        |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| <b>01 Landbúnaður <i>Agriculture</i></b>                                                                           | 38          | 40          | 42          | 45          | 49          | 51          | 50          |
| <b>02 Skógrækt <i>Forestry and logging</i></b>                                                                     | 7           | 7           | 8           | 9           | 10          | 11          | 11          |
| <b>05 Sjávarútvegur; veiðar + vinnsla <i>Fishing and fish processing</i></b>                                       | 123         | 126         | 122         | 121         | 125         | 131         | 130         |
| þ.a. Fiskiskip <i>thereof fishing vessels</i>                                                                      | 81          | 81          | 82          | 79          | 81          | 83          | 82          |
| þ.a. Fiskeldi <i>thereof fish farming</i>                                                                          | 1           | 1           | 1           | 1           | 2           | 2           | 2           |
| <b>14 Námugr. annarra hráe. <i>Mining</i></b>                                                                      | 1           | 1           | 1           | 1           | 1           | 1           | 1           |
| <b>15 Matvæla- og drykkjarv.iðn. <i>Manufacture of food products</i></b>                                           | 13          | 14          | 15          | 17          | 20          | 20          | 20          |
| <b>17-19 Textíl-, fata og leðuríðn. <i>Manuf. of textiles</i></b>                                                  | 2           | 2           | 2           | 2           | 2           | 2           | 2           |
| <b>20 Trjáíðnaður <i>Manuf. of wood</i></b>                                                                        | 1           | 1           | 2           | 2           | 2           | 2           | 2           |
| <b>21 og 22 Pappírsíðn. og útg.st.semi <i>Manuf. of pulp, paper</i></b>                                            | 6           | 7           | 7           | 7           | 9           | 8           | 8           |
| <b>24 Efnaiðnaður <i>Manuf. of chemicals</i></b>                                                                   | 3           | 5           | 5           | 5           | 6           | 8           | 8           |
| <b>25 Gúmmí- og plastvöruframleiðsla <i>Manuf. of rubber</i></b>                                                   | 3           | 3           | 3           | 3           | 3           | 3           | 3           |
| <b>26 Gler-,leir- og steinefnaíðn. <i>Manuf. of non-metallic products</i></b>                                      | 5           | 5           | 5           | 5           | 6           | 6           | 6           |
| <b>27 og 28 Málmíðnaður <i>Manuf. of basic metals</i></b>                                                          | 17          | 27          | 29          | 32          | 37          | 36          | 35          |
| <b>29 Vélsmíði og vélavíðgerðir <i>Manuf. of machinery and equipment</i></b>                                       | 1           | 1           | 2           | 2           | 3           | 5           | 5           |
| <b>30-33 Rafmagns- og rafeindaiðn. <i>Manuf. of office machinery</i></b>                                           | 1           | 1           | 1           | 1           | 1           | 1           | 1           |
| <b>34-35 Framl. samgöngutækja <i>Manuf. of motor vehicles &amp; transp. eq.ment</i></b>                            | 1           | 2           | 1           | 3           | 4           | 3           | 3           |
| <b>36 og 37 Húsgagnaiðn. og annar iðn. <i>Manuf. of furniture; manuf. n.e.c.</i></b>                               | 2           | 2           | 2           | 2           | 2           | 2           | 2           |
| <b>40 og 41 Orkuveitur ofl tengt. <i>Electricity and hot water supply</i></b>                                      | 148         | 160         | 169         | 176         | 202         | 213         | 227         |
| <b>45 Byggingarstarfs.og mannvirkjag. <i>Construction</i></b>                                                      | 25          | 31          | 35          | 39          | 45          | 47          | 50          |
| <b>50-52 Verslun og ýmis viðg.þjón. <i>Retail and wholesale</i></b>                                                | 50          | 54          | 58          | 58          | 64          | 60          | 59          |
| <b>55 Hótel- og veitingahús <i>Hotels and restaurants</i></b>                                                      | 13          | 14          | 17          | 19          | 20          | 21          | 22          |
| <b>60 Samg.á landi <i>Land transport; transport via pipelines</i></b>                                              | 6           | 6           | 6           | 8           | 8           | 8           | 8           |
| <b>61 Samgöngur á sjó og vatnal. <i>Water transport</i></b>                                                        | 8           | 9           | 9           | 9           | 8           | 8           | 9           |
| <b>62 Flugsamgöngur <i>Air transport</i></b>                                                                       | 14          | 15          | 13          | 15          | 21          | 26          | 25          |
| þ.a. Flugvélar <i>thereof aircrafts</i>                                                                            | 11          | 13          | 11          | 14          | 19          | 24          | 23          |
| <b>63 Flutningar, ferðaskrifst. oþh <i>Supporting and auxiliary transport; activities of travel agencies</i></b>   | 49          | 55          | 57          | 61          | 66          | 72          | 74          |
| þ.a. Flugvellir <i>thereof airports</i>                                                                            | 11          | 11          | 12          | 13          | 14          | 15          | 16          |
| þ.a. Hafnir <i>thereof harbours</i>                                                                                | 33          | 37          | 38          | 38          | 40          | 43          | 43          |
| <b>64 Fjarskiptabjónusta <i>Post and telecommunications</i></b>                                                    | 16          | 19          | 22          | 28          | 34          | 33          | 35          |
| <b>65, 66, 67 Fjármálabjón., vatr., og fjárm.st. <i>Financial intermediation and insurance</i></b>                 | 12          | 14          | 17          | 17          | 19          | 22          | 22          |
| <b>70-72 Fasteignaviðsk.,leigust. og tölvuþj. <i>Real estate activities; Computer &amp; related activ.</i></b>     | 34          | 36          | 43          | 52          | 68          | 76          | 83          |
| <b>73 Rannsóknir og þróunarstarf <i>Research and development</i></b>                                               |             | 1           | 4           | 8           | 11          | 11          | 12          |
| <b>74 Önnur viðsk.og sérhæfð bjónusta <i>Other business activities</i></b>                                         | 9           | 12          | 18          | 26          | 34          | 36          | 39          |
| <b>80 Fræðslu-starfsemi <i>Education</i></b>                                                                       |             |             |             |             |             |             | 1           |
| <b>85 Heilbrigðis- og félagsbjónusta <i>Health and social work</i></b>                                             | 2           | 2           | 3           | 4           | 5           | 7           | 8           |
| <b>90-93 Önnur samfél.þjón., félagsst. <i>Other activities; Recreational, cultural and sporting activities</i></b> | 12          | 13          | 14          | 14          | 17          | 17          | 17          |
| <b>97, 98 Önnur og ótilgreind starfsemi <i>Unclassified activity</i></b>                                           | 2           | 3           | 8           | 9           | 13          | 16          | 18          |
| <b>Atvinnuvegir alls <i>Business sector total</i></b>                                                              | <b>623</b>  | <b>688</b>  | <b>740</b>  | <b>803</b>  | <b>918</b>  | <b>965</b>  | <b>997</b>  |
| <b>Íbúðarhús <i>Dwellings</i></b>                                                                                  | <b>601</b>  | <b>641</b>  | <b>747</b>  | <b>851</b>  | <b>937</b>  | <b>999</b>  | <b>1123</b> |
| <b>75. Starfsemi hins opinbera <i>Government services</i></b>                                                      | <b>328</b>  | <b>352</b>  | <b>374</b>  | <b>402</b>  | <b>447</b>  | <b>490</b>  | <b>520</b>  |
| 75.1 Vegir og brýr <i>Roads and bridges</i>                                                                        | 76          | 79          | 83          | 88          | 96          | 105         | 114         |
| 75.2 Götur og holræsi <i>Streets and sewers</i>                                                                    | 75          | 80          | 83          | 89          | 97          | 107         | 113         |
| 75.3 Byggingar hins opinb. <i>Public buildings</i>                                                                 | 163         | 178         | 189         | 203         | 224         | 248         | 262         |
| 75.4 Önnur fjárfesting hins opinbera <i>Other governmental activities</i>                                          | 13          | 16          | 19          | 23          | 29          | 30          | 32          |
| <b>Fjármunaeign alls <i>Capital stock total</i></b>                                                                | <b>1552</b> | <b>1682</b> | <b>1861</b> | <b>2055</b> | <b>2301</b> | <b>2453</b> | <b>2640</b> |

**Tafla 5. Fjármunaeign eftir atvinnugreinum 1997–2003, magnvísitölur, 1997=100***Table 5. Capital stock by industries 1997-2003, volume indices, 1997=100*

|                                                                                                                    | 1997       | 1998         | 1999         | 2000         | 2001         | 2002         | 2003         |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| <b>01 Landbúnaður <i>Agriculture</i></b>                                                                           | 100        | 102,3        | 105,7        | 109,2        | 111,1        | 110,8        | 107,9        |
| <b>02 Skógrækt <i>Forestry and logging</i></b>                                                                     | 100        | 104,8        | 110,2        | 115,9        | 120,5        | 124,5        | 127,5        |
| <b>05 Sjávarútvegur; veiðar + vinnsla <i>Fishing and fish processing</i></b>                                       | 100        | 101,2        | 101,6        | 97,7         | 87,7         | 91,8         | 93,3         |
| þ.a. Fiskiskip <i>thereof fishing vessels</i>                                                                      | 100        | 100,6        | 102,5        | 99,0         | 86,4         | 90,1         | 92,5         |
| þ.a. Fiskeldi <i>thereof fish farming</i>                                                                          | 100        | 100,0        | 108,5        | 124,1        | 127,7        | 133,7        | 137,3        |
| <b>14 Námugr. annarra hráe. <i>Mining</i></b>                                                                      | 100        | 110,1        | 116,0        | 117,4        | 108,3        | 98,3         | 98,2         |
| <b>15 Matvæla- og drykkjarv. iðn. <i>Manufacture of food products</i></b>                                          | 100        | 105,2        | 116,4        | 129,0        | 134,5        | 131,6        | 134,1        |
| <b>17-19 Textíl-, fata og leður iðn. <i>Manuf. of textiles</i></b>                                                 | 100        | 101,0        | 112,6        | 112,3        | 109,1        | 111,4        | 111,3        |
| <b>20 Trjá iðnaður <i>Manuf. of wood</i></b>                                                                       | 100        | 115,6        | 220,4        | 225,5        | 220,0        | 213,5        | 226,3        |
| <b>21 og 22 Pappír iðn. og útg.st.semi <i>Manuf. of pulp, paper</i></b>                                            | 100        | 110,4        | 117,9        | 117,7        | 122,6        | 122,2        | 124,0        |
| <b>24 Efnaiðnaður <i>Manuf. of chemicals</i></b>                                                                   | 100        | 139,6        | 147,5        | 135,4        | 152,9        | 187,1        | 193,7        |
| <b>25 Gúmmí- og plastvöruframleiðsla <i>Manuf. of rubber</i></b>                                                   | 100        | 100,2        | 92,0         | 93,4         | 89,8         | 86,8         | 86,0         |
| <b>26 Gler-, leir- og steinefna iðn. <i>Manuf. of non-metallic products</i></b>                                    | 100        | 100,1        | 102,1        | 110,1        | 114,0        | 108,3        | 108,4        |
| <b>27 og 28 Málmiðnaður <i>Manuf. of basic metals</i></b>                                                          | 100        | 159,7        | 168,0        | 186,0        | 191,0        | 182,1        | 179,2        |
| <b>29 Vélsmíði og vélavíðgerðir <i>Manuf. of machinery and equipment</i></b>                                       | 100        | 108,3        | 149,6        | 169,0        | 211,1        | 279,4        | 300,3        |
| <b>30-33 Rafmagns- og rafeindaiðn. <i>Manuf. of office machinery</i></b>                                           | 100        | 120,2        | 131,0        | 147,5        | 169,1        | 189,0        | 196,1        |
| <b>34-35 Framl. samgöngutækja <i>Manuf. of motor vehicles &amp; transp. eq.ment</i></b>                            | 100        | 113,8        | 106,4        | 257,5        | 228,4        | 207,3        | 216,2        |
| <b>36 og 37 Húsgagnaiðn. og annar iðn. <i>Manuf. of furniture; manuf. n.e.c.</i></b>                               | 100        | 121,3        | 124,3        | 129,6        | 124,3        | 124,2        | 126,3        |
| <b>40 og 41 Orkuveitur ofl tengt. <i>Electricity and hot water supply</i></b>                                      | 100        | 106,7        | 111,8        | 114,5        | 118,4        | 121,5        | 129,7        |
| <b>45 Byggingarstarfs. og mannvirkjag. <i>Construction</i></b>                                                     | 100        | 123,8        | 136,2        | 150,6        | 156,8        | 159,2        | 168,5        |
| <b>50-52 Verslun og ýmis viðg.þjón. <i>Retail and wholesale</i></b>                                                | 100        | 104,4        | 112,1        | 110,5        | 110,1        | 99,1         | 98,2         |
| <b>55 Hótel- og veitingahús <i>Hotels and restaurants</i></b>                                                      | 100        | 102,2        | 121,7        | 131,8        | 131,1        | 128,8        | 132,0        |
| <b>60 Samg. á landi <i>Land transport; transport via pipelines</i></b>                                             | 100        | 102,7        | 106,7        | 124,9        | 120,3        | 112,3        | 114,5        |
| <b>61 Samgöngur á sjó og vatnal. <i>Water transport</i></b>                                                        | 100        | 108,2        | 107,3        | 106,6        | 90,3         | 90,1         | 102,3        |
| <b>62 Flugsamgöngur <i>Air transport</i></b>                                                                       | 100        | 112,2        | 92,7         | 110,1        | 130,3        | 165,4        | 163,3        |
| þ.a. Flugvélar <i>thereof aircrafts</i>                                                                            | 100        | 114,9        | 102,7        | 123,9        | 146,8        | 189,8        | 188,2        |
| <b>63 Flutningar, ferðaskrifst. oþh <i>Supporting and auxiliary transport; activities of travel agencies</i></b>   | 100        | 108,3        | 109,6        | 114,8        | 115,8        | 117,8        | 118,3        |
| þ.a. Flugvellir <i>thereof airports</i>                                                                            | 100        | 101,6        | 108,9        | 110,4        | 115,9        | 115,9        | 117,5        |
| þ.a. Hafnir <i>thereof harbours</i>                                                                                | 100        | 108,0        | 107,5        | 106,0        | 103,0        | 104,0        | 101,7        |
| <b>64 Fjaraskiptaþjónusta <i>Post and telecommunications</i></b>                                                   | 100        | 117,0        | 134,8        | 173,4        | 180,8        | 177,2        | 195,7        |
| <b>65, 66, 67 Fjármálaþjón., vatr., og fjárm.st. <i>Financial intermediation and insurance</i></b>                 | 100        | 115,0        | 138,1        | 134,2        | 137,9        | 151,6        | 154,0        |
| <b>70-72 Fasteignaviðsk., leigust. og tölvuþj. <i>Real estate activities; Computer &amp; related activ.</i></b>    | 100        | 103,6        | 122,4        | 143,5        | 173,9        | 183,4        | 196,1        |
| <b>73 Rannsóknir og þróunarstarf <i>Research and development</i></b>                                               | 100        | 100          | 253,8        | 579,1        | 708,8        | 703,3        | 751,4        |
| <b>74 Önnur viðsk. og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities</i></b>                                        | 100        | 131,9        | 189,2        | 276,4        | 327,9        | 329,8        | 357,9        |
| <b>80 Fræðslu-starfsemi <i>Education</i></b>                                                                       | 100        | 115,3        | 301,0        | 322,3        | 325,4        | 315,7        | 349,2        |
| <b>85 Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Health and social work</i></b>                                             | 100        | 114,4        | 150,9        | 232,8        | 254,3        | 322,5        | 344,4        |
| <b>90-93 Önnur samfél.þjón., félagsst. <i>Other activities; Recreational, cultural and sporting activities</i></b> | 100        | 100,1        | 107,4        | 112,2        | 114,8        | 111,6        | 114,0        |
| <b>97, 98 Önnur og ótilgreind starfsemi <i>Unclassified activity</i></b>                                           | 100        | 157,1        | 376,1        | 452,2        | 578,7        | 702,2        | 775,0        |
| <b>Atvinnuvegir alls <i>Business sector total</i></b>                                                              | <b>100</b> | <b>108,4</b> | <b>116,0</b> | <b>123,6</b> | <b>127,0</b> | <b>129,7</b> | <b>134,5</b> |
| <b>Íbúðarhús <i>Dwellings</i></b>                                                                                  | <b>100</b> | <b>100,9</b> | <b>102,2</b> | <b>102,7</b> | <b>107,2</b> | <b>108,5</b> | <b>109,3</b> |
| <b>75. Starfsemi hins opinbera <i>Government services</i></b>                                                      | <b>100</b> | <b>104,1</b> | <b>108,2</b> | <b>113,2</b> | <b>117,7</b> | <b>120,9</b> | <b>124,9</b> |
| 75.1 Vegir og brýr <i>Roads and bridges</i>                                                                        | 100        | 101,5        | 103,7        | 106,2        | 110,0        | 112,4        | 117,5        |
| 75.2 Götur og holræsi <i>Streets and sewers</i>                                                                    | 100        | 102,3        | 104,7        | 108,1        | 110,7        | 114,0        | 116,3        |
| 75.3 Byggingar hins opinb. <i>Public buildings</i>                                                                 | 100        | 105,1        | 109,2        | 113,9        | 118,5        | 121,9        | 124,6        |
| 75.4 Önnur fjárfesting hins opinbera <i>Other governmental activities</i>                                          | 100        | 117,0        | 140,9        | 170,9        | 188,5        | 194,1        | 216,9        |
| <b>Fjármunaeign alls <i>Capital stock total</i></b>                                                                | <b>100</b> | <b>104,5</b> | <b>108,9</b> | <b>113,1</b> | <b>117,2</b> | <b>119,4</b> | <b>122,5</b> |

Þar af óx fjármuna eign atvinnuveganna um 34,5% og hins opinbera um 24,9%. Íbúðarhúsnæði óx aftur á móti um 9,3%.

Afskrift fjármuna eignarinnar var áætluð 57 milljarðar á árinu 1997 en var komin upp í 102 milljarða á árinu 2003.

Sundurliðun fjármuna eignarinnar er að finna í töflum 4 og 5 og í talnaefni á netinu en þar er að auk þess að finna magnvísitölur og fjárhæðir á föstu verðlagi ársins 1990. Þar eru einnig birtar tölur um afskriftir, í sömu sundurliðun og fjármuna eignin.

## English summary

Statistics Iceland now releases revised time series on capital stock data 1997-2003. These figures are mainly based on a new data source, the Enterprise Accounts Register available from 1997 and onwards. That register is based on a standardized form of annual accounts which all incorporated enterprises are obliged to return to tax authorities.

The definition of capital stock follows the national accounts definitions. The stock is restricted to produced assets and can be described as accumulated annual gross fixed capital formation. The stock data is depreciated following the geometric depreciation method and the service life of assets is estimated when the scrap value of an asset has reached 10% of its initial value.

The result of these calculations shows that the value of the total capital stock in the economy was 2,640 billions of kronur in the year 2003 or approximately 3.0 times the Gross Domestic Product. In real terms, the capital stock increased by 22.5% from 1997 which corresponds to 3.4% annual growth rate.

In 2003 dwellings amounted to 42.5% of the total capital stock whereas the share of the business sector was 37.8% and the remaining 19.7% were in the government service.

## Hagtiðindi Statistical Series

89. árgangur nr. 44

ISSN 0019-1078

## Þjóðhagsreikningar *National accounts*

2004:4

ISSN 1670-4657 (pappír paper) • ISSN 1670-4665 (pdf)

Verð ISK 500 Price EUR 6

Umsjón Supervision Valdimar Halldórsson • valdimar.halldorsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands Statistics Iceland • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. Please quote the source.

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)

Sími Telephone +(354) 528 1000

Bréfasími Fax +(354) 528 1099